

kg. í styttnum á ákveðnu verði, og er það ekki sannað gegn neitun hans. Eins hefir stefnandi staðhæft að sjer verði ekki um kent þótt stytturnar hafi verið nokkru þyngri en fyrirmyndin og verður að fallast á það.

Að álitum rjettarins verður því að dæma stefndan til að greiða stefnanda hinar umstefndu kr. 506,80 með 5% ársvöxtum frá 30. júní 1923 til greiðsludags, en eftir öllum atvikum þykir rjett að málskostnaður í málinu falli niður.

Miðvikudaginn 16. mars 1927.

Nr. 96/1926.

**Rjettvísinn** (B. P. Kalman)  
gegn

**Guðbirni Jónssyni og Jónönnu Stefánsdóttur** (Guðm. Ólafsson).

Glæpsamleg meðferð barns, skv. 205. sbr. 2. lið 204. gr. hgl., o. fl.

Dómur aukarjettar Skagafjarðarsýslu 30. apríl 1926: Ákærðu Guðbjörn Jónsson og Jónanna Stefánsdóttir sæti 5 daga fangelsi við vatn og brauð, hvort um sig. Til endurgjalds á sjúkrakostnaði Jóns Jóhannssonar greiði ákærðu sveitar-sjóði Fellhrepps in solidum kr. 388,85. Svo og greiði ákærðu in solidum allan af máli þessu löglega leiddan og leiðandi kostnað.

Dóminum að fullnægja með aðför að lögum að því er ídæmda hegningu snertir, en að því er ídæmdar bætur snertir innan 15 daga frá lögbirtingu hans, að viðlagðri aðför að lögum.

### **Dómur hæstarjettar.**

Að vísu er ekki fengin full skýring á því, að bera skyldi alvarlega á fótaskemdum í drengnum Jóni Jóhannssyni  $1\frac{1}{2}$ —2 vikum eftir að hann kom á heimili hinna ákærðu, Reykjarhól í Fljótum, um 20. ágúst 1924, og veður þó góð þar um slóðir um það leyti, samkv. skýrslu athugunarmanns veðurstofunnar

í Reykjavík þar nyrðra. Og ekki er það heldur fullskýrt, að skemdirnar skyldu ágerast svo fljótt og átakanlega, þar sem aldrei var frost meðan drengurinn dvaldi þar og veðurmagn fremur sjaldan 5 og aldrei meira.

En þar sem hjeraðslæknirinn, sem stundaði drenginn rúma 2 mánuði í sjúkrahúsinu á Sauðárkróki, hefir vottað, að hann hafi ekki getað orðið var nokkurs þess sjúkdóms í drengnum, þótt eftir væri leitað, er valdið gæti hafa haft fótaskemdunum, en telur þær stafa af kulda, vösbúð og öðrum illum aðbúnaði, og það á hinn bóginn er sannað með eiðfestum framburðum 2 nákunnugra vitna, sem drengurinn dvaldi hjá næstu 2 ár undan vorinu 1924, að ekkert hafi þá borið á fótaveiki í drengnum, og eiðfest vitni hefir borið, að fæturnir á drengnum hafi verið óskemdir þá er hann fór frá vitninu í ág. 1924, áleiðis til hinna ákærðu, og drengurinn, að sögn annars vitnis á sama bæ, þá var vel útlitandi, þykkleitur og að engu leyti óhraustlegur, þá má telja það vafalaust, að meðferð hinna ákærðu á drengnum hafi a. m. k. valdið miklu um skemdir þær, sem urðu á fótum hans.

Það er ekki sannað gegn neitun hinna ákærðu, að þau hafi svelt drenginn. Og ekki verða heldur refsingar þær, sem þau lögðu á drenginn, þótt þær beri vott um lítinn skilning á meðferð barna, taldar varða við lög, enda ekki sýnilegt, að þær geti hafa haft áhrif á fótaskemdir hans.

Hinsvegar verður að telja það óforsvaranlegt, að ákærðu leituðu drengnum ekki lækningar, úr því að þau höfðu tekið eftir alvarlegum skemdum á fótum hans um hálfum mánuði eftir að hann kom á heimili þeirra, og að þau hlífðu drengnum ekki við

útivist eftir að veður tók að spillast og honum að versna svo að þess gætti allmikið á gangi hans, enda svifti ákærða hann 2 fiðursængum síðustu dvalar vikuna og ljet hann eftir það liggja á heydýnu við 2 einfaldar ábreiður og virðist hún yfirleitt ekki hafa hirt drenginn svo sem góð húsmóðir mundi gert hafa.

Með þessu athæfi hafa hin ákærðu gerst brotleg gegn 205. sbr. 2. lið 204. gr. hegningarlaganna. En þar sem ætla má, að hinum ákærðu, sem voru einyrkjar og önnur kafin við heyskap meðan drengurinn dvaldi hjá þeim, og ákærða auk þess varð að sinna 3 ára barni þeirra hjóna og var vanfær, hafi ekki verið það ljóst, hvað leitt gat af meðferð þeirra á drengnum, þá þykir þeim, sem bæði sátu í gæsluvarðhaldi um  $1\frac{1}{2}$  mánuð, hæfilega refsað, hvoru um sig, með  $2 \times 5$  daga fangelsi við vatn og brauð.

Skaðabótakröfu hreppsnefndarinuar í Fellshreppi út af sjúkrahúsvist drengsins og öðrum kostnaði við hjúkrun hans, að upphæð 661,85 kr., þykir eiga að taka til greina, þó að frádregnum 233 kr. 31 eyri, sem lagðar hafa verið fram úr rikissjóði samkv. lögum nr. 61/1921 og ekki hefir verið krafist endurgreiðslu á. Ber hinum ákærðu því, einu fyrir bæði og báðum fyrir eitt, að greiða hreppsnefndinni afganginn eða 428 kr. 54 aura.

Aftur á móti verður hinum ákærðu ekki gert að greiða drengnum bætur fyrir »missi lima eða örkuhl«, þar eð krafa um það hefir ekki komið fram frá lög-ráðamanni hans, móður hans, og krafan ekki borin undir ákærðu.

Ákærðu greiði, eitt fyrir bæði og bæði fyrir eitt, allan kostnað sakarinnar bæði í hjeraði og hæstar-jetti, þar með talin málflutningslaun sækjanda og

verjanda í hæstarjetti, 120 kr. hvorum, en málflutningslauna í hjerði hefir ekki verið krafist.

Það athugast við rekstur rannsóknarinnar og málsins í hjerði, að rannsóknin hófst ekki fyr en í júlí 1925, enda þó að sýslumanni bærisk kæra þar að lútandi í janúar s. á., að drengurinn, sem fyrir skemdunum varð, var ekki spurður fyrir rjetti um dvöl sína hjá hinum ákærðu, að dómsgjörðunum fylgdi ekki aldursvottorð drengsins, sem, samkv. síðar fengnum upplýsingum, er fæddur 25. okt. 1916, og að málið hefir verið undir dómi frá 9. mars til 30. apríl 1926.

Því dæmist rjett vera:

Hin ákærðu, Guðbjörn Jónsson og Jónanna Stefánsdóttir, sæti hvort um sig 2×5 daga fangelsi við vatn og brauð.

Þau greiði hreppsnefndinni í Fellshreppi, eitt fyrir bæði og bæði fyrir eitt, 428 kr. 54 aur., en sjeu sýkn af kröfu nefndarinnar til skaðabóta fyrir drenginn Jón Jóhannsson.

Loks greiði þau á sama hátt allan kostnað sakarinnar bæði í hjerði og hæstarjetti, þar á meðal sóknar- og varnarlaun hæstarjettarmálflutningsmannanna Björns P. Kalman og Guðmundar Ólafssonar, 120 kr. hvorum.

Dóminum skal fullnægja með aðför að lögum.

---

Forsendur hins áfrýjaða dóms hljóða svo:

Mál þetta er af hálfu rjettvisinnar höfðað gegn hinum ákærðu Guðbirni Jónssyni og Jónönnu Júlíönu Stefánsdóttur, bítandi hjón-

um á Reykjarhóli í Holtshreppi fyrir brot á 18. kaþítula hinna almennu hegningarlaga og eru málavextir þannig:

Um 20. ágúst 1924 var 9 ára gamall drengur Jón Jóhannsson á Sauðárkróki lánaður sem ljettadrengur að Reykjarhóli í Austur-Fljótum til ákærðn er búa þar búi sínu. Var drengurinn hjá ákærðu á Reykjarhóli um 5 vikna tíma uns hann var tekinn þaðan með þeim hætti er nú skal greina:

Þriðjudaginn í 22. viku sumars rakst stúlkan Margrjet Jónsdóttir, sem var á ferð þar í Fljótunum, á ofan nefndan dreng út á víðavangi ekki langt frá Reykjarhóli. Lá hann þar á grúfu utan í þúfu, að því er virðist rænulitill og illa á sig kominn. Vildi hann ekki fara heim til sín að boði stúlkunnar en var fús á að fara með henni heim til hennar. Tók stúlkan þá drenginn og reiddi hann heim til sín að Saurbæ í sömu sveit. Er ásigkomulagi drengsins lýst svo þegar hann kom að Saurbæ, að hann var illa klæddur að utanhafnarfötum, — í einni þrjónapeysu og utanhafnarbrókum sem gengnar voru af öðrum lærsaumi, með þrjónahúfu á höfði. En mjög kalt var í veðri þennan dag. Drengurinn var blár í andliti af kulda, berhentur og þrúttinn eða bólgin á höndum af kulda, votur upp fyrir knje og skalf hann mjög. Magur virtist hann og harla vesseldarlegur og mjög aðþrengdur af kuldunum. Var drengurinn þegar í stað háttadur niður í rúm og tekið að hjúkra honum af hjónunum í Saurbæ, Guðbrandi Árnasyni og Þuríði Jónasdóttur, sem gefið hafa skýrslu um þetta í málinu.

Kom þá í ljós að fætur drengsins voru mjög skemdir, bólginir upp fyrir ökla og settir kuldapöllum og svörtum drepblettum, en tærnar á báðum fótunum svartar, harðar og alveg dauðar, og tók að leggja af þeim ýldulykt áður en drengurinn fór frá Saurbæ. Virtist hjónunum í Saurbæ drengurinn ekki fullkomlega með rjettu ráði fyrst er hann kom til þeirra. — Í Saurbæ lá drengurinn rúmfastur til næsta mánudags, er hann var fluttur til Hofsóss og var hann þar undir læknishendi í 2 eða 3 daga uns hann var sendur með strandferðaskipinu Esju til Sauðárkróks og lagður þar inn á sjúkrahúsið jafnskjótt og húsrúm leyfði. Lá hann rúmfastur framundir nýjár og stöðugt undir læknishendi. Leysti tær allar af báðum fótum hans og varð að taka af fremsta hluta nokkurra ristarbeinanna. Græri drengurinn ekki að fullu fyr en um nýjár.

Hjæraðslæknirinn á Sauðárkróki, sem hafði á hendi lækningu drengsins og rannsakaði alt heilsufar hans, hefir gefið rjettinum

þá skýrslu í málinu, að þegar drengurinn kom til hans hafði hann drep í öllum tánum á báðum fótum, og ennfremur litla drep-polla á rist og iljum, til og frá. Tærnar voru alveg svartar og steindanðar. Var ekki unt að verða nokkurs sjúkleika var í drengnum, er orsakað gæti drepð í tánum. Er það eindregið álit læknisins að drepð í fótum drengsins hafi stafað af kulda, vosbúð og illum aðbúnaði.

Af fyrirbyggjandi vitnaskýrslum í málinu er það upplýst að drengurinn ljet í ljósi hræðslu við það, að fara aftur að Reykjarhóli meðan hann var í Saurbæ. Sagðist honum svo frá að ákærðu hafi verið vond við hann og barið hann; þó fremur bóndinn en húsfreyjan. Ennfremur hafi hann verið sveltur í eitt skifti, en oftast verið svangur meðan hann var á Reykjarhóli.

Með álitsgjörð hjerðslæknisins á Sauðárkróki og staðfestum vitnisburðum vitna í málinu þykir það fullsannað að drengurinn var að öllu leyti heill heilsu, vel til fara og óskemdur á fótum þegar hann fór að Reykjarhóli til ákærðu. Drengurinn var þá í góðum holdum og í fullu fjöri.

Með eigin skýrslum og játningum ákærðu er það upplýst að þau veittu því enga eftirtekt hvort drengurinn var heill á fótum fyr en um það bil hálfum mánuði eftir að hann kom til þeirra. En þá varð ákærða Jónanna þess vör að drengnum var ilt í fótunum. Hafði hún orð á þessu við mann sinn og skoðuðu þau fætur barnsins. Hafa þau lýst fótum drengsins svo, að tærnar á báðum fótum hafi verið orðnar bláleitar og svartar og harðar viðkomu. Prófaði Guðbjörn það hvort drengurinn fyndi til í tánum með því að taka utan um stórutána á öðrum fæti hans, — en drengurinn kvaðst ekkert finna til í henni. Var ákærðu báðum það ljóst að drengurinn var veikur í fótunum og hefir Guðbjörn haldið því fram að þau hjónin hafi talað um að leita ráða hjá Guðmundi hreppstjóra Davíðssyni á Hraunum til lækningar drengnum, en úr því varð samt aldrei. Eftir þetta duldist ákærðu það ekki að drengnum versnaði stöðugt í fótunum enda varð hann sjáanlega haltur og bjagaður í göngulagi. Hlífðist hann við að stíga í fæturna en beitti fyrir sig jörkunum utanfótar og hælunum. Fór drengurinn að kvarta yfir því að sjer væri að versna í fótunum og bar sjerstaklega á holti hans og því að hann kveinkaði sjer við að stíga í fæturna, síðustu vikuna sem hann var hjá ákærðu. — Guðbjörn skeytti þessu þó engu að öðru leyti en því að hann ráðlagði drengnum að bera nýtt smjör á fætur sjer, — eins og hann sjálfur gerði við sprungum, er hann hafði í iljum.

En Jónanna lagði til þau ein ráð og aðgerðir við sjúkleika drengsins að hún skipaði honum að sækja hreint vatn í koppinn sinn til þess að þvo upp úr fæturna til að verja þá óhreinindum. Hefir Jónanna játað að hún hafi alt af öðru hvoru sjeð fætur drengsins þegar hann var að klæða sig á morgnana, og veitt því eftirtækt að drengnum versnaði í fótunum. Fóru að koma blöðru og pollar á fætur hans og duldist henni ekki að fæturnir bólgnuðu upp um öklaliði, og kvað meira að þessu á öðrum fætinum. Áttu ákærðu tal saman um ástand drengsins skömmu áður en hann var tekinn burt frá þeim og kom þeim saman um að hann myndi þurfa læknishjálpar við, en ekkert varð þó úr því fremur en áður, að honum væri leitað lækningar.

Ákærðu hafa borið það að drengnum hafi þrátt fyrir sjúkleika hans í öngu verið hlíf við vösbúð eða útivist og muni hann daglega hafa verið votur í fæturna. Hinsvegar hefir Jónanna haldið því fast fram að hún hafi ávalt látið drengnum í tje þurra sokka að morgni þegar hún varð þess vör að sokkar hans voru blantir á gólfinu við rúm hans. Það er og upplýst í málinu að drengurinn hafði með sjer næg og sæmilega góð sokkaplög og annan skjólfatnað. Hvorugt hinna ákærðu hirtu nokkuð um fætur drengsins eða leiðbeindu honum eða lögðu honum ráð til lækninga frekar en talið er hjer að framan, og hefir Guðbjörn haldið því fram að hann hafi aldrei skoðað eða sjeð fætur drengsins nema í það eina skifti sem áður er frá skýrt.

Með eigin játningu Guðbjörns er það upplýst að hann hýddi drenginn tvisvar með hrísvendi á berar lendarnar en barði hann einu sinni á höfuðið með hendinni. Var þetta í 3ju vikunni eftir að drengurinn kom til ákærða eftir því sem næst verður komist. Gerði ákærði þetta í refsingarskyni við drenginn, sem honum þótti vera ódyggur og óhlýðinn. Hefir ákærði haldið því fram að drengurinn hafi engan áverka hlotið af þessum hirtingum, og hefir ekki sannast að svo hafi verið, eða drengurinn hafi hlotið nokkuð heilsutjón af þessari harðneskju ákærða, og getur hún útaf fyrir sig eigi að rjettarins áliti talist líkamleg meiðing eða sú misþyrming á barninu að ákærði verði látinn sæta hegningu fyrir.

Þá hefir Jónanna játað á sig að hún hafi svelt drenginn í refsingarskyni en það hafi aðeins verið eitt kvöld sem hún gaf honum ekki mat. Gerði hún þetta að boði og fyrirlagi Guðbjarnar og var orsökinn sú að drengurinn kom ekki með hest sem hann var sendur eftir. Hefir Guðbjörn játað þessa skýrslu rjetta.

Aftur á móti hafa bæði hin ákærðu haldið því fast fram að drengurinn hafi ávalt fengið nægan mat að þessu eina skifti undan-teknu og hefir ekki annað sannast í málinu en svo hafi verið. Ennfremur er það upplýst með eiginjátningu Jónönnu, að rúmri viku áður en drengurinn fór frá Reykjarhóli tók hún sængurfatn- að allan úr rúmi hans en ljet hann síðan sofa á heyðýnu einni með tvær einfaldar ábreiður ofan á sjer. Ástæðan til þessa segir ákærða að hafi verið sú, að drengurinn vætti rúmið að nóttunni. Hefir ákærða haldið því fram að drengurinn hafi ekki kvartað um kulda eftir að hann var sviftur rúmfötunum. Hafa bæði hin ákærðu haldið því fram að Guðbjörn vissi ekki um þessa ráð- stöfun konu sinnar á aðbúnaði drengsins.

Á heimili ákærðu var auk þeirra og drengsins Jóns Jóhanns- sonar aðeins barn ákærðu 3ja ára gamalt. Hafa því ákærðu verið ein til frásagnar um meðferð sína á drengnum enda hefir gengið mjög treglega að fá þau til að upplýsa nokkuð um atlæti þeirra og aðbúnað við drenginn. Hefir Guðbjörn setið 16 daga í gæslu- varðhaldi en Jónanna í 13 daga.

Af hálfu Fellshrepps, framfærslusveitar drengsins sem greitt hefir legukostnað hans og lækningu hefir þess verið krafist í mál- inu að ákærðu verði dæmd til að greiða lækningarkostnað drengs- ins að upphæð kr. 661,85, samkvæmt framlögðum reikningi í mál- inu, svo framarlega sem þeim verði gefin sök á fótaskemdum hans, svo og að þau verði dæmd til að greiða honum bætur fyrir hlot- in örkuml. Samkvæmt skýrslu hjeraðslæknis til rjettarins hefir drengurinn not beggja fóta sinna þrátt fyrir missi táanna, svo að hann er sémilega fær til gangs og hefir lestingin á fótum hans ekki spilt heilsu hans eða kröftum svo sjeð verði eða gert hann óhæfan til að afla sjer lífsviðurværis með venjulegri vinnu. En af þessu leiðir að krafan um örkumlabæturnar verður ekki tekin til greina.

Samkvæmt framangreindu þykir það sannað í málinu að ákærðu var báðum kunnugt um að drengurinn, sem þau voru sjer meðvitandi um að þeim var trúað fyrir, var tekinn að veikjast mjög í fótunum þegar leið á verutíma hans hjá þeim, svo að þeim duldist ekki að stöðug vösbúð og kuldi var hættulegt fyrir heilsu hans enda veittu þau því eftirtekt að honum versnaði fóta- veikin og var báðum kunnugt um hve fætur hans spiltust af kuldanum og vösbúðinni. Er það alkunna að sumarið 1924 og þar á meðal þann tíma sem drengurinn var á Reykjarhóli var óvenjuleg kuldatíð. Bera prófin í málinu það með sjer að þá

var svo kalt að kúm varð ekki altaf beitt en jörð gránaði af jeljagangi. Þrátt fyrir þetta voru ákærðu samtaka ekki einungis um framangreint afskiptaleysi af aðbúnaði drengsins, og hið megnasta skeytingarleysi um sjúkleika hans og þrautir heldur einnig um það að etja drengnum til útverka og þar af leiðandi vobúðar þangað til svo fór, að hann var hirtur í haganum af óviðkomandi fólki, jafn þjakaður og sagt hefir verið. Verður ekki hjá því komist, að rjettarins áliti, að skoða þessa miskunnarlausu meðferð hinna ákærðu á barninu, sem þeim var trúað fyrir sem vísitandi misþyrmingu á því, er þau verða að sæta hegningu fyrir sem ásetningsverki og getur það ekki firrt ákærðu hegningu þótt þau væri einyrkjar og önnum kafin þann tíma, sem drengurinn var hjá þeim. Verður ekki sjeð að audið sje að gera upp á milli hinna ákærðu, hvort sekara sje í breytai þeirra við barnið.

Ákærði Guðbjörn Jónsson er fæddur 2. júní 1894 en ákærða Jónanna Stefánsdóttir 26. júlí 1900 og eru því bæði komin yfir lögaldur sakamanna og hafa hvorugt áður sætt hegningu fyrir neitt afbrot.

Afbrot þau, sem þau nú eru saksótt fyrir ber að rjettarins áliti að heimfæra undir 204 gr. 2. málsg. hinna almennu hegningarlaga, sbr. 1. málsg. sömu greinar, og þykir hegning þeirra hvors um sig hæfilega ákveðin 5 daga fangelsi við vatn og brauð.

Eftir þessum úrslitum verður að dæma ákærðu til þess in solidum að greiða sveitarsjóði Fellshrepps kr. 388.85 sem er útlagður legukostnaður drengsins Jóns Jóhannssonar samkvæmt framlögðu vottorði sýslumanns í málinu. Þykir ekki fært að taka kröfu hreppsnefndarinnar frekar til greina en hjer er gert gegn framkomnum mótælum af hálfu ákærðu, þar sem reikningur hennar hefir ekki verið rökstuddur að því er snertir 3 síðustu liðina samtals að upphæð kr. 273,00.

Loks ber að dæma ákærðu til að greiða in solidum allan af málinu leiddan og leiðandi kostnað.

Rekstur málsins hefir verið vítalaus.